

Reykjavík, 15. júní 2026

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Borgartúni 33
105 Reykjavík
mrn@mrn.is

Efni: Umsögn Sjálfstæðra skóla um fyrirhugaðar breytingar á námsmati

Þann 27. maí síðastliðinn birti mennta- og barnamálaráðuneytið áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrá grunnskóla sem miða að því að námsmat verði sett fram með tölum ekki bókstöfum. Áformin hafa verið tekin til skoðunar af SSK – Sjálfstæðum skólum. Samtökunum þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfari.

Samtökin telja mikilvægt að námsmat þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að veita nemendum, foreldrum og kennurum skýrar og gagnlegar upplýsingar um nám, framfarir og hæfni nemenda.

Samtökin sýna því skilning að tölueinkunnir geta verið aðgengilegar fyrir foreldra og auðveldað samanburð á ákveðnum þáttum náms. Hins vegar er ljóst að tölur einar og sér geta ekki lýst öllum þeim hæfnipáttum sem ber að meta samkvæmt Aðalnámskrá. Í greinum eins og stærðfræði geta tölur gefið tiltölulega skýra mynd af því hvort nemandi leysir verkefni rétt en þær segja mun minna um skilning, rökhugsun eða hæfni til að útskýra lausnaleyðir sínar. Slíkir þættir krefjast lýsandi námsmats.

Því telja samtökin mikilvægt að formlegt mat og lýsandi mat vinni saman. Ef stefnt er að aukinni notkun tölueinkunna þarf að liggja skýrt fyrir hvernig þær tengjast þeim hæfnipáttum sem skilgreindir eru í Aðalnámskrá. Nauðsynlegt er að útfæra með skýrum hætti hvernig mismunandi matsaðferðir eiga að styðja hver aðra og hvaða upplýsingar hver þeirra á að veita.

Margir skólar hafa á undanförunum árum lagt mikla vinnu í að þróa námsmat út frá hæfniviðmiðum, brjóta þau niður í námsmarkmið og innleiða bókstafakvarða og lýsandi mat. Kennarar og skólar hafa fjárfest umtalsverðum tíma og fjármagni í þessa þróun. Því vekur það áhyggjur ef nú á að breyta kerfinu aftur án þess að skýrt sé hvernig nýtt fyrirkomulag bætir upplýsingagjöf eða styður betur við nám nemenda. Slíkar breytingar geta haft í för með sér verulegan kostnað og aukið álag á skólasamfélagið.

Að mati samtakanna er meginviðfangsefnið ekki hvort notaðir séu bókstafir eða tölur, heldur hvort markmiðin og hæfnin sem verið er að meta séu skýr. Hæfniviðmið í mörgum

námsgreinum eru umfangsmikil, opin og oft óljós. Ef markmiðin væru skýrari, afmarkaðri og mælanlegri þar sem það á við, yrði námsmat einfaldara, samræmdara og gagnlegra.

Ef tekin verður ákvörðun um að nota tölueinkunnir þarf að skilgreina með skýrum hætti hvaða hæfni liggur að baki hverri einkunn. Spyrja þarf: Hvað felst í einkunninni 6? Hvað felst í einkunninni 8? Hvaða hæfni, þekking og færni stendur að baki hverjum tölustaf í hverri námsgrein og á hverju aldurstigi? Án slíkra skilgreininga er hættu á að tölueinkunnir veiti takmarkaðar upplýsingar um raunverulega stöðu nemenda.

Jafnframt eru fjölmargir þættir náms sem erfitt eða ómögulegt er að meta með tölustöfum einum saman, svo sem skapandi hugsun, samvinna, rökhugsun, frumkvæði og hæfni til að útskýra eigin hugsun. Þessir þættir kalla á faglegt mat kennara og lýsandi endurgjöf.

Markmiðið hlýtur ávallt að vera að námsmat þjóni hagsmunum nemenda, styðji við nám þeirra og veiti skýra mynd af þeirri hæfni sem þeir hafa tileinkað sér.

Samtökin leggja því áherslu á að áður en ráðist er í breytingar á einkunnakerfi, sé brýnna að endurskoða hæfniviðmið og námsmarkmið, skýra betur hvað á að meta, hvers vegna það er metið og með hvaða hætti. Takist að láta mismunandi matskerfi vinna saman á skýran og markvissan hátt er hægt að veita nemendum og foreldrum betri og gagnlegri upplýsingar um nám og árangur.

Alma Guðmundsdóttir

Formaður stjórnar SSK - Sjálfstæðir skólar